

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2022/2380

2023/EES/85/02

frá 23. nóvember 2022

um breytingu á tilskipun 2014/53/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eitt af markmiðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB ⁽³⁾ er að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins. Samkvæmt a-lið 3. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar er ein af grunnkröfunum sem þráðlaus fjarskiptabúnaður á að uppfylla sú að hann sé samvirkur við aukabúnað, einkum samræmd hleðslutæki. Í tilskipun 2014/53/ESB kemur fram að samvirkni [áður rekstrarsamhæfi] milli þráðlauss fjarskiptabúnaðar og aukabúnaðar, s.s. hleðslutækja, einfaldi notkun þráðlauss fjarskiptabúnaðar og minnki óþarfa úrgang og kostnað og að þörf sé á að þróa samræmd hleðslutæki fyrir tiltekna flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar, einkum í þágu neytenda og annarra endanlegra notenda.
- 2) Síðan 2009 hafa ráðstafanir verið gerðar á vettvangi Sambandsins til að draga úr uppskiptingu markaðarins að því er varðar hleðsluskilfleti fyrir farsíma og svipaðan þráðlausan fjarskiptabúnað. Þrátt fyrir að nýleg valfrjáls framtaksverkefni hafi aukið samleitni hleðslubúnaðar, sem er ytri aflgjafi hleðslutækja, og dregið úr fjölda mismunandi hleðslulausna sem eru tiltækar á markaðnum, uppfylla þessi framtaksverkefni ekki að öllu leyti stefnumarkmið Sambandsins um að tryggja þægindi fyrir neytendur, draga úr raftækjaúrgangi (e. *e-waste*) og koma í veg fyrir uppskiptingu markaðarins fyrir hleðslubúnað.
- 3) Sambandið hefur einsett sér að auka skilvirka notkun tilfanga með því að fara yfir í hreint hringrásarhagkerfi með innleiðingu framtaksverkefna á borð við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ⁽⁴⁾ og nýlega með því að innleiða Grænt samkomulag í Evrópu, eins og það er sett fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar 11. desember 2019. Þessi tilskipun miðar að því að draga úr raftækjaúrgangi sem myndast við sölu þráðlauss fjarskiptabúnaðar og að draga úr námi hráefna og koltvísýringslosun frá framleiðslu, flutningi og förgun á hleðslutækjum, og stuðla þar með að hringrásarhagkerfi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 315, 7.12.2022, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 152, 6.4.2022, bls. 82.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 4. október 2022 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 24. október 2022.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB (Stjtið. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtið. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

- 4) Í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um hringrásarhagkerfi, sem sett er fram í orðsendingu hennar 11. mars 2020, er kveðið á um framtaksverkefni fyrir allan vistferil vara þar sem athyglinni er beint að hönnun þeirra, að efla ferli hringrásarhagkerfis, að styrkja sjálfbæra neyslu og að tryggja að tilföngin sem notuð eru haldist í hagkerfi Sambandsins eins lengi og mögulegt er.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur lokið við áhrifamat sem sýndi að innri markaðurinn nýtir möguleika sína ekki til fulls, þar sem stöðug uppskipting markaðarins að því er varðar hleðsluskilfleti og hleðslusamskiptareglur fyrir farsíma og annan svipaðan þráðlausan fjarskiptabúnað leiðir til skorts á þægindum fyrir neytendur og aukningar á raftækjaúrgangi.
- 6) Samvirkni milli þráðlauss fjarskiptabúnaðar og aukabúnaðar, s.s. hleðslutækja, er takmarkað þar sem það eru mismunandi hleðsluskilfletir fyrir tiltekna flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem nota hleðslunúru, s.s. farsíma, spjaldtölvur, stafrænar myndavélar, heymartól með eða án hljóðnema, lófaleikjatölvur, ferðahátalara, lestölvur, lyklaborð, tölvumýs, ferðaleiðsögukerfi, heymartól í eyra (e. *earbuds*) og fartölvur. Þar fyrir utan eru til nokkrar tegundir af samskiptareglum fyrir hraðhleðslu þar sem lágmarksafkastageta er ekki alltaf tryggð. Þar af leiðandi er þess krafist að Sambandið grípi til aðgerða til að stuðla að sameiginlegri samvirkni og miðlun upplýsinga, sem varða hleðslueiginleika þráðlauss fjarskiptabúnaðar, til neytenda og annarra endanlegra notenda. Því er nauðsynlegt að í tilskipun 2014/53/ESB séu innleiddar viðeigandi kröfur að því er varðar hleðslusamskiptareglur, hleðsluskilfleti, þ.e.a.s. hleðslutengi, fyrir tiltekna flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem og að neytendum og öðrum endanlegum notendum séu veittar upplýsingar að því er varðar hleðslueiginleika þessara flokka eða tegunda fjarskiptabúnaðar, s.s. upplýsingar um nauðsynlegt lágmarks- og hámarksafli til að hlaða þráðlausa fjarskiptabúnaðinn. Lágmarksaflið ætti að vera summan af því afli sem þarf til að þráðlaus fjarskiptabúnaðurinn sé nothæfur og því lágmarksafli sem þarf til að byrja að hlaða rafhlöðuna. Hámarksaflið ætti að vera summan af því afli sem þarf til að þráðlaus fjarskiptabúnaðurinn sé nothæfur og því afli sem þarf til að ná hámarkshleðsluhraða.
- 7) Ef ekki er fyrir hendi samræming á hleðsluskilflötum og hleðslusamskiptareglum getur það leitt til verulegs munar á lögum og stjórnsýslufyrirmælum eða -venjum aðildarríkjanna að því er varðar samvirkni farsíma og svipaðra flokka eða tegunda þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hleðslubúnaðar þeirra, og að því er varðar afhendingu á þráðlausum fjarskiptabúnaði án hleðslubúnaðar.
- 8) Stærð innri markaðarins fyrir endurhlaðanlega farsíma og svipaða flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar, fjölgun mismunandi tegunda hleðslubúnaðar fyrir slíkan þráðlausan fjarskiptabúnað, skortur á samvirkni milli þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hleðslubúnaðar og umtalsverð viðskipti með þessar vörur yfir landamæri kalla á öflugri lagasetningu á vettvangi Sambandsins fremur en að gripið sé til aðgerða á landsvísu eða valfrjálstra ráðstafana til að ná fram snurðulausri starfsemi innri markaðarins en tryggja um leið þægindi fyrir neytendur og draga úr umhverfissóun.
- 9) Því er nauðsynlegt að samræma hleðsluskilfleti og hleðslusamskiptareglur fyrir tiltekna flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem eru hlaðnar með hleðslunúru. Einnig er nauðsynlegt að skapa grundvöll fyrir aðlögun að framförum á sviði vísinda og tækni eða markaðsþróun í framtíðinni, sem framkvæmdastjórnin mun hafa stöðugt eftirlit með. Einkum ætti einnig að íhuga innleiðingu á samræmingu á hleðsluskilflötum og hleðslusamskiptareglum í framtíðinni að því er varðar þráðlausan fjarskiptabúnað sem hægt væri að hlaða með öðrum aðferðum en með hleðslunúru, þ.m.t. með útvarpsbylgjum (þráðlaus hleðsla). Enn fremur ætti kerfisbundið að íhuga að fella inn þá viðbótarflokka eða -tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem eru hlaðnar með hleðslunúru, í tengslum við síðari aðlögun á samræmdum hleðslulausnum, að því tilskildu að samþætting samræmdra hleðslulausna fyrir slíka viðbótarflokka eða -tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar sé tæknilega möguleg. Með samræmingu ætti að leitast við að ná markmiðunum um að tryggja þægindi fyrir neytendur, draga úr umhverfissóun og koma í veg fyrir uppskiptingu markaðarins milli mismunandi hleðsluskilflata og hleðslusamskiptareglna, sem og milli framtaksverkefna á landsvísu sem gætu leitt til viðskiptahindrana á innri markaðnum. Tilgangurinn með framtíðaraðlögun á samræmingu hleðsluskilflata og hleðslusamskiptareglna ætti að vera að stefna áfram að þessum markmiðum með því að tryggja að hún nái yfir þær tæknilausnir sem eiga best við fyrir hleðsluskilfleti og hleðslusamskiptareglur í tengslum við allar hleðsluáferðir. Samræmdu hleðslulausnirnar ættu að endurspegla þá samsetningu sem á best við til að ná viðurkenningu á markaði ásamt því að uppfylla markmiðin um að tryggja þægindi fyrir neytendur, draga úr umhverfissóun og koma í veg fyrir uppskiptingu markaðarins. Við val á slíkum hleðslulausnum ætti einkum að nota

viðeigandi tæknistaðla, sem uppfylla þessi markmið og hafa verið þróaðir á evrópskum eða alþjóðlegum vettvangi. Í undantekningartilvikum, ef þörf er á að innleiða, bæta við eða breyta fyrirbyggjandi tækniforskrift, þegar Evrópustaðlar eða alþjóðlegir staðlar, sem eru aðgengilegir öllum og uppfylla þessi markmið, eru ekki fyrir hendi ætti framkvæmdastjórnin að geta sett fram aðrar tækniforskriftir, að því tilskildu að þessar tækniforskriftir hafi verið þróaðar í samræmi við viðmiðanir um aðgengileika, sammæli og gagnsæi og að þær uppfylli kröfur um hlutleysi og stöðugleika, eins og um getur í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ⁽⁵⁾. Nauðsynlegt er að allir hlutaðeigandi hagsmunaaðilar innan geira, sem eiga fulltrúa í sérfræðingahópi framkvæmdastjórnarinnar um þráðlausan fjarskiptabúnað, taki þátt í ferlinu um aðlögun samræmdra hleðslulausna.

- 10) Slík samræming væri hins vegar ófullnægjandi ef hún væri ekki sameinuð kröfum um sölu þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hleðslutækja hans saman í pakka og um upplýsingarnar sem veita skal neytendum og öðrum endanlegum notendum. Uppskipting í nálgun aðildarríkjanna að því er varðar setningu flokka eða tegunda viðkomandi þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hleðslubúnaðar þeirra á markað myndi hamla viðskiptum með þessar vörur yfir landamæri, t.d. með því að skylda rekstraraðila til að endurpakka vörum sínum eftir því í hvaða aðildarríki á að afhenda vörurnar. Það myndi valda neytendum auknum óþægindum og leiða til óþarfa raftækjaúrgangs, og þar með veða á móti ávinningnum af samræmingu hleðsluskilflata og hleðslusamskiptareglna. Því er nauðsynlegt að setja kröfur til að sjá til þess að neytendum og öðrum endanlegum notendum sé ekki skylt að kaupa nýjan hleðslubúnað í hvert skipti sem nýr farsími eða svipaður þráðlaus fjarskiptabúnaður er keyptur. Aðskilin sala á hleðslubúnaði og þráðlausum fjarskiptabúnaði myndi skapa sjálfbæra, aðgengilega, aðlaðandi og þægilega valkosti fyrir neytendur og aðra endanlega notendur. Með hliðsjón af reynslunni af beitingu krafanna, nýrrar markaðspróunar og tækniþróunar, ætti framkvæmdastjórnin að íhuga rýmkun á kröfunni um afhendingu hleðslubúnaðar með þráðlausum fjarskiptabúnaði svo hún nái til kapla og/eða gera aðskilda sölu að skyldu til að tryggja að markmiðunum um að tryggja þægindi neytenda og draga úr umhverfissóun sé fylgt eftir á sem skilvirkastan hátt. Til að tryggja skilvirkni slíkra krafna ættu neytendur og aðrir endanlegir notendur að fá nauðsynlegar upplýsingar varðandi hleðslueiginleika þegar þeir kaupa farsíma eða svipaðan þráðlausan fjarskiptabúnað. Sérstök skýringarmynd myndi gera neytendum og öðrum endanlegum notendum kleift að komast að því hvort hleðslubúnaður fylgi með þráðlausa fjarskiptabúnaðinum eða ekki áður en kaupin eiga sér stað. Skýringarmyndin ætti að vera sýnileg við hvers konar afhendingu, þ.m.t. fjarsölu.
- 11) Það er tæknilega mögulegt að skilgreina USB-C-tengi (USB Type-C) sem samræmda hleðslutengið fyrir viðeigandi flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar, einkum vegna þess að búnaðurinn getur nú þegar verið búinn slíku tengi. USB-C-tæknin, sem er í notkun á heimsvísu, var samþykkt á alþjóðlegu stöðlunarstigi og hefur verið innleidd í evrópska kerfið af Rafstaðlasamtökum Evrópu (Cenelec) samkvæmt Evrópustaðli EN IEC 62680-1-3:2021 *Universal serial bus interfaces for data and power – Part 1-3: Common components – USB Type-C® Cable and Connector Specification*.
- 12) USB-C er tækni sem er nú þegar orðin útbreidd í mörgum flokkum eða tegundum þráðlauss fjarskiptabúnaðar þar sem hún býður upp á hleðslu og gagnaflutning í háum gæðaflokki. Þegar USB-C-hleðslutengið er tengt hleðslusamskiptareglum fyrir USB-afgjafa (e. *USB Power Delivery*), getur það gefið allt að 100 vatta afl og því er nægilegt svigrúm til frekari þróunar á hraðhleðslulausnum, og jafnframt er markaðnum gert kleift að bjóða upp á afkastalítinn búnað sem þarf ekki á hraðhleðslu að halda. Farsímar og svipaður þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem styður hraðhleðslu, getur verið búinn eiginleikum USB-afgjafa eins og lýst er í Evrópustaðli EN IEC 62680-1-2:2021 *Universal serial bus interfaces for data and power – Part 1-2: Common components – USB Power Delivery specification*. Forskriftir varðandi USB eru í stöðugri þróun. Í því tilliti þróaði samstarfsvettvangur framkvæmdaaðila um USB (e. *USB Implementers Forum*) uppfærða útgáfu af forskriftinni varðandi USB-afgjafa, sem styður við afl allt að 240 vöttum. Einnig hafa verið gerðar

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

aðlaganir á forskriftinni varðandi USB-C sem rýmkar kröfurnar fyrir tengi og kapla þannig að þau geti stutt afl að allt að 240 vöttum. Því kæmi til greina að færa þráðlausan fjarskiptabúnað, sem krefst slíks afls, á skrána yfir þráðlausan fjarskiptabúnað sem fellur undir þessa tilskipun.

- 13) Að því er varðar hleðslu með öðrum aðferðum en með hleðslunúru þá gætu mismunandi lausnir verið þróaðar í framtíðinni sem gætu haft neikvæð áhrif á samvirkni, þægindi fyrir neytendur og umhverfið. Þó að það sé ótímabært að leggja á sértækar kröfur um slíkar lausnir á þessum tímapunkti ætti framkvæmdastjórnin að grípa til aðgerða til þess að stuðla að og samræma slíkar lausnir til að koma í veg fyrir uppskiptingu innri markaðarins í framtíðinni.
- 14) Breyta ætti tilskipun 2014/53/ESB svo að hún nái yfir ákvæði að því er varðar hleðsluskilfleti og hleðslusamskipta-reglur. Gera ætti nánari grein fyrir þeim flokkum eða tegundum þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem falla sérstaklega undir nýju ákvæðin, í nýjum viðauka við þá tilskipun. Innan þessara flokka eða tegunda þráðlauss fjarskiptabúnaðar er aðeins um að ræða þráðlausan fjarskiptabúnað með endurhlaðanlegri rafhlöðu sem hægt er að fjarlægja eða innbyggðri endurhlaðanlegri rafhlöðu. Að því er varðar stafrænar myndavélar er þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn sem um ræðir allar stafrænar vélar fyrir ljósmyndun og myndbandsupptöku, þ.m.t. útivistarmyndavélar (e. *action cameras*). Stafrænar myndavélar, sem eru hannaðar eingöngu fyrir hljóð- og myndmiðlageirann eða öryggis- og eftirlitsgeirann, ættu ekki að falla undir kröfuna um samþættingu samræmdrar hleðslulausnar. Að því er varðar heyrnartól í eyra þá telst sérstakt hleðsluhulstur eða -box þeirra hluti af þráðlausa fjarskiptabúnaðinum, þar sem heyrnartól í eyra eru sjaldan eða aldrei aðskilin frá hleðsluhulstrinu eða -boxinu vegna sérstakrar stærðar þeirra og lögunar. Hleðsluhulstrið eða -boxið fyrir þessa sérstöku tegund þráðlauss fjarskiptabúnaðar telst ekki vera hluti af hleðslutækinu. Að því er varðar fartölvur telst viðkomandi þráðlaus fjarskiptabúnaður vera allar færanlegar tölvur, þ.m.t. fartölvur, fístaölvur, léttar fartölvur, blendingstölvur eða breytanlegar tölvur og nettölvur.
- 15) Einnig ætti að breyta tilskipun 2014/53/ESB til að innleiða kröfur um afhendingu á tilteknum flokkum eða tegundum þráðlauss fjarskiptabúnaðar án hleðslubúnaðar. Tilgreina ætti viðkomandi flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar, auk forskriftanna sem varða hleðslulausnir, í nýjum viðauka við þá tilskipun.
- 16) Í tilskipun 2014/53/ESB er kveðið á um hvaða upplýsingar eigi að koma fram í leiðbeiningunum sem fylgja þráðlausum fjarskiptabúnaði og því ætti að bæta kröfum um viðbótarupplýsingar við viðkomandi grein þeirrar tilskipunar. Tilgreina ætti innihald nýju krafanna í nýjum viðauka við þá tilskipun. Veita ætti tilteknar upplýsingar með sjónrænum hætti fyrir hvers konar afhendingu, þ.m.t. fjarsölu. Sérstakur merkimiði með upplýsingum um forskriftir sem varða hleðslugetu og samhæfðan hleðslubúnað, myndi gera neytendum og öðrum endanlegum notendum kleift að ákveða hvaða hleðslubúnaður henti best til að hlaða þráðlausa fjarskiptabúnaðinn þeirra. Til að geta veitt gagnlega heimild fyrir tilvísun yfir allan vistferil þráðlausa fjarskiptabúnaðarins ættu upplýsingarnar um forskriftirnar sem varða hleðslugetu og samhæfðan hleðslubúnað einnig að koma fram í leiðbeiningunum og upplýsingunum um öryggismál sem fylgja þráðlausa fjarskiptabúnaðinum. Það ætti að vera hægt að aðlaga þessar upplýsingakröfur í framtíðinni til að endurspegla hvers kyns breytingar á kröfum varðandi merkingar, einkum vegna hleðslubúnaðar, sem hægt væri að innleiða með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB⁽⁶⁾. Þessar upplýsingakröfur ættu einkum að endurspegla þróunina á samræmdum hleðslulausnum og ætti að aðlaga þær til samræmis við það. Í þessu samhengi væri einnig hægt að íhuga að innleiða kerfi með litakóðum.
- 17) Að teknu tilliti til þess að innflytjendur og dreifingaraðilar gætu einnig afhent neytendum og öðrum endanlegum notendum þráðlausan fjarskiptabúnað beint ættu þeir að taka á sig sömu skyldur og þær sem gilda um framleiðendur í tengslum við upplýsingarnar sem á að afhenda eða sýna. Öllum rekstraraðilum ætti að vera skylt að uppfylla skylduna í tengslum við skýringarmyndina, sem gefur til kynna hvort hleðslubúnaður fylgi þráðlausa fjarskiptabúnaðinum eða ekki, þegar þeir gera þráðlausan fjarskiptabúnað aðgengilegan neytendum og öðrum endanlegum notendum. Innflytjendur og dreifingaraðilar gætu þannig boðið pakka sem innihalda þráðlausa fjarskiptabúnaðinn og hleðslubúnað

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar orkutengdar vörur (Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10).

hans, jafnvel þegar framleiðandinn afhendir slíkan þráðlausan fjarskiptabúnað án hleðslubúnaðar, að því tilskildu að innflytjendur og dreifingaraðilar myndu einnig bjóða neytendum og öðrum endanlegum notendum möguleika á að kaupa þráðlausa fjarskiptabúnaðinn án hleðslubúnaðar.

- 18) Í tilskipun 2014/53/ESB eru settar fram samræmismatsaðferðir. Það ætti að breyta henni til þess að bæta við tilvísunum í nýjar grunnkröfur. Framleiðendur ættu því að hafa val um að fylgja verklagi um innra framleiðslueftirlit til að sýna fram á að þeir uppfylli nýju grunnkröfurnar.
- 19) Til að tryggja að landsbundin markaðseftirlitsyfirvöld hafi málsmeðferðarræði til að framfylgja því að farið sé að nýju kröfunum varðandi samræmda hleðsluskilfleti og hleðslusamskiptareglur, sem og kröfunum sem varða afhendingu á þráðlausum fjarskiptabúnaði sem fellur undir slíka samræmingu, ætti að breyta tilskipun 2014/53/ESB til samræmis við það. Einkum ætti að vera skýr tilvísun í vanefndir gagnvart grunnkröfunum, sem nær einnig yfir ný ákvæði um forskriftir varðandi hleðslugetu og samhæfðan hleðslubúnað. Þar sem þessi nýju ákvæði varða samvirkniþætti væri markmiðið að forðast ólíkar túlkanir á því hvort virkja eigi málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/53/ESB, að því er varðar þráðlausan fjarskiptabúnað, sem hefur ekki í för með sér alvarlega áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi fólks eða aðra þætti sem varða verndun almannahagsmuna.
- 20) Í tilskipun 2014/53/ESB eru talin upp tilvik þar sem kröfur eru formlega ekki uppfylltar. Í ljósi þess að með þessari tilskipun voru innleiddar nýjar kröfur að því er varðar tiltekna flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar ætti að breyta tilskipun 2014/53/ESB til að gera landsbundnum markaðseftirlitsyfirvöldum kleift að framfylgja, með skilvirkum hætti, að farið sé að nýju kröfunum.
- 21) Einnig ætti að breyta tilskipun 2014/53/ESB til að aðlaga tilvísanirnar, sem þar er að finna, að nýju kröfunum sem innleiddar eru með þessari tilskipun.
- 22) Nauðsynlegt er að tryggja sameiginlega lágmarkssamvirkni milli þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hleðslubúnaðar fyrir slíkan þráðlausan fjarskiptabúnað og takast á við markaðsþróun í framtíðinni, t.d. tilkomu nýrra flokka eða tegunda þráðlauss fjarskiptabúnaðar þar sem umtalsverð uppskipting á sér stað að því er varðar hleðsluskilfleti og hleðslusamskiptareglur, og hugsanlega þróun á hleðslutækni. Einnig er nauðsynlegt að endurspeglar framtíðarbreytingar á kröfum um merkingar, s.s. á hleðslubúnaði eða -köplum, eða aðrar tækniframfarir. Því ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til að breyta flokkum eða tegundum þráðlauss fjarskiptabúnaðar og forskriftum varðandi hleðsluskilfleti og hleðslusamskiptareglur fyrir hvern þessara flokka eða tegunda og til að breyta upplýsingakröfum að því er varðar hleðsluskilfleti og hleðslusamskiptareglur. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽⁷⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 23) Því ætti að breyta tilskipun 2014/53/ESB til samræmis við það.
- 24) Rekstraraðilar ættu að fá nægan tíma til að gera nauðsynlegar aðlaganir á þráðlausum fjarskiptabúnaði, sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar, sem þeir hafa í hyggju að setja á markað Sambandsins.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun 2014/53/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar a-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) Þráðlaus fjarskiptabúnaður sé samvirkur við aukabúnað, annan en hleðslubúnaðinn fyrir flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem eru tilgreindar í I. hluta I. viðauka a, og sem sérstaklega er getið í 4. mgr. þessarar greinar.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4. Þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem fellur undir flokkana eða tegundirnar sem tilgreindar eru í I. hluta I. viðauka a, skal vera þannig gerður að hann sé í samræmi við forskriftirnar að því er varðar hleðslugetu, sem settar eru fram í þeim viðauka, fyrir viðeigandi flokk eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar.

Að því er varðar þráðlausan fjarskiptabúnað, sem hægt er að hlaða með hleðslunúru, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 44. gr. til að breyta I. hluta I. viðauka a í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni eða markaðsþróunar til að tryggja sameiginlega lágmarkssamvirkni milli þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hleðslubúnaðar fyrir hann, sem og til að auka þægindi fyrir neytendur, draga úr umhverfissóun og koma í veg fyrir uppskiptingu markaðarins með því að:

a) breyta, bæta við eða fjarlægja flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar,

b) breyta, bæta við eða fjarlægja tækniforskriftir, þ.m.t. tilvísanir og lýsingar, í tengslum við hleðslutengi og hleðslusamskiptareglur, fyrir hvern flokk eða tegund viðkomandi þráðlauss fjarskiptabúnaðar.

Framkvæmdastjórnin skal stöðugt meta markaðsþróun, uppskiptingu markaðarins og tækniframfarir með það fyrir augum að greina flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem hægt er að hlaða með hleðslunúru, þar sem skráning hans í I. hluta I. viðauka a myndi leiða til umtalsverðra þæginda fyrir neytendur og draga úr umhverfissóun.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um matið, sem um getur í þriðju undirgrein, í fyrsta skipti eigi síðar en 28. desember 2025 og á fimm ára fresti eftir það, og skal samþykkja framseldar gerðir, skv. annarri undirgrein a-liðar, til samræmis við það.

Að því er varðar þráðlausan fjarskiptabúnað, sem hægt er að hlaða með öðrum aðferðum en með hleðslunúru, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 44. gr. til að breyta I. hluta I. viðauka a í ljósi framfara í vísindum og tækni eða markaðsþróunar til að tryggja sameiginlega lágmarkssamvirkni milli þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hleðslubúnaðar fyrir hann, sem og til að auka þægindi fyrir neytendur, draga úr umhverfissóun og koma í veg fyrir uppskiptingu markaðarins með því að:

a) innleiða, breyta, bæta við eða fjarlægja flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar,

b) innleiða, breyta, bæta við eða fjarlægja tækniforskriftir, þ.m.t. tilvísanir og lýsingar, í tengslum við hleðsluskilflöt eða -skilfleti og hleðslusamskiptareglu eða -samskiptareglur fyrir hvern flokk eða tegund viðkomandi þráðlauss fjarskiptabúnaðar.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 og eigi síðar en 28. desember 2024, óska eftir því að ein eða fleiri evrópskar staðlastofnanir semji drög að samhæfðum stöðlum þar sem mælt er fyrir um tækniforskriftir fyrir hleðsluskilflöt eða -skilfleti og hleðslusamskiptareglu eða -samskiptareglur fyrir þráðlausan fjarskiptabúnað sem hægt er að hlaða með öðrum aðferðum en með hleðslunúru. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012, skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við nefndina sem komið var á fót skv. 1. mgr. 45. gr. þessarar tilskipunar. Kröfurmar sem varða innihald umbeðnu samhæfðu staðlana skulu byggjast á mati, sem framkvæmdastjórnin framkvæmir, á núverandi stöðu þráðlausrar hleðslutækni fyrir þráðlausan búnað, sem skal einkum ná yfir markaðsþróun, markaðssókn, uppskiptingu markaðarins, tæknilega frammistöðu, samvirkni, orkunýtni og hleðsluafkastagetu.

Við undirbúning á framseldu gerðunum, sem um getur í þessari grein, að því er varðar þráðlausan fjarskiptabúnað sem hægt er að hlaða með hleðslunúru sem og að því er varðar þráðlausan fjarskiptabúnað sem hægt er að hlaða með öðrum aðferðum en með hleðslunúru, skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þess hversu vel tækniforskriftirnar, sem um er að ræða, eru viðurkenndar á markaðnum, hvaða þægindi þetta myndi hafa í för með sér fyrir neytendur sem og hversu mikið væri hægt að draga úr umhverfissóun og uppskiptingu markaðarins, sem vænta má vegna slíkra tækniforskrifta. Tækniforskriftir, sem byggjast á viðeigandi tiltækum evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum, teljast uppfylla markmiðin sem sett voru fram í málsliðnum hér að framan. Ef slíkir evrópskir eða alþjóðlegir staðlar eru ekki til, eða ef framkvæmdastjórnin ákveður, á grundvelli tæknilegs mats á vegum hennar, að markmiðin náist ekki á sem hagkvæmastan hátt, getur framkvæmdastjórnin sett fram aðrar tækniforskriftir sem uppfylla þessi markmið betur.“

2) Eftirfarandi grein er bætt við:

„3. gr. a

Möguleiki neytenda og annarra endanlegra notenda til að kaupa tiltekna flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar án hleðslubúnaðar

1. Ef rekstraraðili gefur neytendum og öðrum endanlegum notendum kost á að kaupa þráðlausa fjarskiptabúnaðinn, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., ásamt hleðslubúnaði, skal rekstraraðilinn einnig gefa neytendum og öðrum endanlegum notendum kost á því að kaupa þráðlausa fjarskiptabúnaðinn án hleðslubúnaðar.

2. Rekstraraðilar skulu sjá til þess að upplýsingarnar um það hvort hleðslubúnaður fylgi eða fylgi ekki með þráðlausa fjarskiptabúnaðinum, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., séu birtar í myndrænni framsetningu með skýringarmynd sem er notendavæn og aðgengileg, eins og sett er fram í III. hluta I. viðauka a, þegar slíkur þráðlaus fjarskiptabúnaður er gerður aðgengilegur neytendum og öðrum endanlegum notendum. Skýringarmyndin skal vera prentuð á umbúðirnar eða fest á þær í formi límmiða. Þegar þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er gerður aðgengilegur neytendum og öðrum endanlegum notendum skal skýringarmyndin vera sýnileg og læsileg og, ef um er að ræða fjarsölu, nálægt upplýsingunum um verðið.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 44. gr., til að breyta III. hluta I. viðauka a, sem afleiðing breytinganna á I. og II. hluta þess viðauka, eða sem afleiðing af síðari breytingum á kröfum varðandi merkingar, eða í ljósi tækniframfara, með því að innleiða, bæta við, breyta eða fjarlægja mynd- eða textaeytingar.“

3) Í stað 8. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

„8. Framleiðendur skulu tryggja að þráðlausa fjarskiptabúnaðinum fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál. Í leiðbeiningunum skulu vera þær upplýsingar sem krafist er til að nota þráðlausan fjarskiptabúnað í samræmi við fyrirhugaða notkun hans. Slíkar upplýsingar skulu fela í sér, eftir atvikum, lýsingu á aukabúnaði og íhlutum, þ.m.t. hugbúnaði, sem gera það mögulegt að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn virkar eins og til er ætlast. Slíkar leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál, sem og hvers kyns merkingar, skulu vera skýrar, skiljanlegar og greinilegar.

Eftirtaldir upplýsingar skulu einnig koma fram í leiðbeiningunum ef um er að ræða þráðlausan fjarskiptabúnað sem hefur þann tilgang að gefa frá sér hátíðnibylgur:

a) tíðniband eða tíðnibönd sem þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er starfræktur á,

b) hámarksafli fjarskiptatíðni sem sent er á tíðnibandinu eða tíðniböndunum sem þráðlaus fjarskiptabúnaðurinn virkar á.

Ef um er að ræða þráðlausan fjarskiptabúnað, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., skulu leiðbeiningarnar innihalda upplýsingar um forskriftir varðandi hleðslugetu þráðlausa fjarskiptabúnaðarins og samhæfðan hleðslubúnað, eins og um getur í II. hluta I. viðauka a. Þegar framleiðendur gera slíkan þráðlausan fjarskiptabúnað aðgengilegan neytendum og öðrum endanlegum notendum skulu upplýsingarnar ekki eingöngu koma fram í leiðbeiningunum heldur skulu þær einnig vera sýnilegar á merkimiða, eins og sett er fram í IV. hluta I. viðauka a. Merkimiðiðinn skal vera prentaður á leiðbeiningarnar og umbúðirnar eða festur á umbúðirnar í formi límmiða. Ef engar umbúðir eru til staðar skal festa límmiðann með merkimiðanum á þráðlausa fjarskiptabúnaðinn. Þegar þráðlaus fjarskiptabúnaðurinn er gerður aðgengilegur neytendum og öðrum endanlegum notendum skal merkimiðiðinn vera sýnilegur og læsilegur og, ef um er að ræða fjarsölu, nálægt upplýsingunum um verðið. Ef það er ekki hægt sökum stærðar eða eðlis þráðlausa fjarskiptabúnaðarins má prenta merkimiðann sem aðskilið skjal sem fylgir með þráðlausa fjarskiptabúnaðinum.

Leiðbeiningarnar og upplýsingarnar um öryggismál, sem um getur í fyrstu, annari og þriðju undirgrein þessarar málsgreinar, skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur og aðra endanlega notendur, eins og hlutað-eigandi aðildarríki hefur ákvarðað.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 44. gr., til að breyta II. og IV. hluta I. viðauka a, sem afleiðing breytinganna á I. hluta þess viðauka, eða sem afleiðing af síðari breytingum á kröfum varðandi merkingar, eða í ljósi tækniframfara, með því að innleiða, bæta við, breyta eða fjarlægja einstök atriði sem varða upplýsingarnar, myndeyningarnar eða textaeyningarnar, eins og sett er fram í þessari grein.“

4) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr. 12. gr.:

„Þegar innflytjendur gera þráðlausa fjarskiptabúnaðinn, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., aðgengilegan neytendum og öðrum endanlegum notendum skulu þeir sjá til þess að:

- a) slíkur þráðlaus fjarskiptabúnaður beri merkimiða, í samræmi við þriðju undirgrein 8. mgr. 10. gr., eða að hann sé afhentur með slíkum merkimiða,
- b) merkimiðiðinn sé sýnilegur og læsilegur og, ef um er að ræða fjarsölu, nálægt upplýsingunum um verðið.“

5) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 2. mgr. 13. gr.:

„Þegar dreifingaraðilar gera þráðlausa fjarskiptabúnaðinn, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., aðgengilegan neytendum og öðrum endanlegum notendum skulu þeir sjá til þess að:

- a) slíkur þráðlaus fjarskiptabúnaður beri merkimiða, í samræmi við þriðju undirgrein 8. mgr. 10. gr., eða að hann sé afhentur með slíkum merkimiða,
- b) merkimiðiðinn sé sýnilegur og læsilegur og, ef um er að ræða fjarsölu, nálægt upplýsingunum um verðið.“

6) Í inngangshluta 2. mgr. 17. gr. koma orðin „1. og 4. mgr. 3. gr.“ í stað orðanna „1. mgr. 3. gr.“

7) Ákvæðum 40. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Málsmeðferð á landsvísu sem á við um þráðlausan fjarskiptabúnað sem hætta stafar af eða sem er ekki í samræmi við grunnkröfurnar.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Ef markaðseftirlitsyfirvöld aðildarríkis hafa nægilegar ástæður til að ætla að þráðlaus fjarskiptabúnaður sem fellur undir þessa tilskipun hafi í för með sér alvarlega áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi fólks eða aðra þætti sem varða verndun almannahagsmuna, sem falla undir þessa tilskipun, eða að hann sé ekki í samræmi við a.m.k. eina af viðeigandi grunnkröfum sem um getur í 3. gr., skulu þau framkvæma mat á viðkomandi þráðlausa fjarskiptabúnaði sem tekur til allra krafna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Viðkomandi rekstraraðilar skulu í þessum tilgangi hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfirvöld eins og nauðsyn krefur.“

8) Ákvæðum 1. mgr. 43. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir f-lið:

„fa) að skýringarmyndin, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. a, eða merkimiðinn, sem um getur í 8. mgr. 10. gr., hafi ekki verið útbúinn með réttum hætti,

fb) að merkimiðinn, sem um getur í 8. mgr. 10. gr., fylgi ekki viðkomandi þráðlausum fjarskiptabúnaði,

fc) að skýringarmyndin eða merkimiðinn er ekki festur á eða sýnilegur, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. a eða 8. mgr. 10. gr., eftir því sem við á.“

b) Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) að upplýsingarnar, sem um getur í 8. mgr. 10. gr., ESB-samræmisýfirlýsingin, sem um getur í 9. mgr. 10. gr., eða upplýsingarnar um notkunartakmarkanirnar, sem um getur í 10. mgr. 10. gr., fylgja ekki þráðlausa fjarskiptabúnaðinum.“

c) Í stað j-liðar kemur eftirfarandi:

„j) að ekki sé farið að ákvæðum 1. mgr. 3. gr. a eða 5. gr.“

9) Ákvæðum 44. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málslíð er bætt við á eftir fyrsta málslíð í 2. mgr.:

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykka framseldar gerðir, sem um getur í 3. gr. (4. mgr.), 3. gr. a (annarri undirgrein 2. mgr.) og 10. gr. (fimmtu undirgrein 8. mgr.), í fimm ár frá 27. desember 2022.“

b) Í stað fyrsta málslíðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 3. gr. (annarri undirgrein 3. mgr.), 3. gr. (4. mgr.), 3. gr. a (annarri undirgrein 2. mgr.), 4. gr. (2. mgr.), 5. gr. (2. mgr.) og 10. gr. (fimmtu undirgrein 8. mgr.).“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (*).

(*) Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.“

d) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. gr. (annarri undirgrein 3. mgr.), 3. gr. (4. mgr.), 3. gr. a (annarri undirgrein 2. mgr.), 4. gr. (2. mgr.), 5. gr. (2. mgr.) eða 10. gr. (fimmtu undirgrein 8. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

10) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 47. gr.:

„3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 28. desember 2026, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um áhrif þess að hægt sé að kaupa þráðlausan fjarskiptabúnað án hleðslubúnaðar og án kapla, einkum að því er varðar þægindi fyrir neytendur, minnkun á umhverfissóun, breytingar á hegðun og þróun markaðsvenja. Skýrslunni skal fylgja, ef við á, tillaga að nýrri löggiöf til að breyta þessari tilskipun til að innleiða lögboðinn aðskilnað á sölu á hleðslubúnaði og köplum frá sölu á þráðlausum fjarskiptabúnaði.“

11) Texta viðaukans við þessa tilskipun er bætt við sem I. viðauki a.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. desember 2023. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 28. desember 2024 fyrir þá flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem um getur í liðum 1.1 til 1.12 í I. hluta I. viðauka a, og frá og með 28. apríl 2026 fyrir þá flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem um getur í lið 1.13 í I. hluta I. viðauka a.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 23. nóvember 2022.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

R. METSOLA

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. BEK

forseti.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI a

FORSKRIFTIR OG UPPLÝSINGAR VARÐANDI HLEÐSLU FYRIR TILTEKNA FLOKKA EÐA TEGUNDIR ÞRÁÐLAUSS
FJARSKIPTABÚNAÐAR

I. hluti

Forskriftir varðandi hleðslugetu

1. Kröfurnar, sem settar eru fram í 2. og 3. lið þessa hluta, skulu gilda um eftirfarandi flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar:
 - 1.1. farsíma,
 - 1.2. spjaldtölvur,
 - 1.3. stafrænar myndavélar,
 - 1.4. heyrnartól,
 - 1.5. heyrnartól með hljóðnema,
 - 1.6. lófaleikjatlölvur,
 - 1.7. ferðahátalara,
 - 1.8. lestölvur,
 - 1.9. lyklaborð,
 - 1.10. tölvumýs,
 - 1.11. ferðaleiðsögukerfi,
 - 1.12. heyrnartól í eyra,
 - 1.13. fartölvur.
2. Ef hægt er að hlaða þráðlausan búnað, sem fellur undir þá flokka eða tegundir af þráðlausum búnaði sem um getur í 1. lið þessa hluta, með hleðslunúru:
 - 2.1. skal hann búinn USB-C-tengi, eins og lýst er í staðlinum EN IEC 62680-1-3:2021 *Universal serial bus interfaces for data and power - Part 1-3: Common components – USB Type-C® Cable and Connector Specification*, og skal það tengi ávallt vera aðgengilegt og nothæft,
 - 2.2. skal vera hægt að hlaða hann með köplum sem uppfylla staðalinn EN IEC 62680-1-3:2021 *Universal serial bus interfaces for data and power – Part 1-3: Common components – USB Type-C® Cable and Connector Specification*.
3. Ef hægt er að hlaða þráðlausan fjarskiptabúnað, sem fellur undir þá flokka eða tegundir af þráðlausum fjarskiptabúnaði sem um getur í 1. lið þessa hluta, með hleðslunúru við spennu sem er hærri en fimm volt, rafstraum sem er hærri en þrjú amper eða aflí sem er herra en 15 vött:
 - 3.1. skal hann búinn tækninni fyrir USB-aflgjafa sem lýst er í staðli EN IEC 62680-1-2:2021 *Universal serial bus interfaces for data and power – Part 1-2: Common components – USB Power Delivery specification*,
 - 3.2. skal tryggja að hægt sé að ná fullri virkni með USB-aflgjafanum, sem um getur í lið 3.1, með notkun viðbótar-hleðslusamskiptareglna, óháð því hvaða hleðslubúnaður er notaður.

II. hluti

Upplýsingar um forskriftir varðandi hleðslugetu og samhæfðan hleðslubúnað

Ef um er að ræða þráðlausan fjarskiptabúnað, sem fellur undir gildissvið fyrstu undirgreinar 4. mgr. 3. gr., skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar í samræmi við kröfurnar, sem settar eru fram í 8. mgr. 10. gr., og þar að auki má gera þær aðgengilegar með QR-kóðum eða svipuðum rafrænum lausnum:


- a) fyrir alla flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem falla undir kröfurnar sem settar eru fram í I. hluta, lýsingu á orkuþörf hleðslubúnaðar með snúru, sem hægt er að nota með þráðlausa fjarskiptabúnaðinum, þ.m.t. það lágmarksafli sem þarf til að hlaða þráðlausa fjarskiptabúnaðinn og það hámarksafli sem þarf til að hlaða þráðlausa fjarskiptabúnaðinn á hámarkshleðsluhraða, gefið upp í vöttum, með eftirfarandi texta: „aflið sem hleðslutækið veitir verður að vera á bilinu milli þess lágmarksafils [xx] (W) sem þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn þarf og þess hámarksafils [yy] (W) sem þarf til að ná hámarkshleðsluhraða“; fjöldi vatta skal segja til um, eftir því sem við á, lágmarksaflið sem krafist er fyrir þráðlausa fjarskiptabúnaðinn og hámarksaflið sem krafist er fyrir þráðlausa fjarskiptabúnaðinn til að ná hámarkshleðsluhraða,
- b) fyrir þráðlausan fjarskiptabúnað, sem fellur undir kröfurnar sem settar eru fram í 3. lið I. hluta, lýsingu á forskriftunum varðandi hleðslugetu þráðlausa fjarskiptabúnaðarins, svo fremi sem hægt er að hlaða hann með hleðslusnúru við spennu sem er hærri en fimm volt, rafstraum sem er hærri en þrjú amper eða með afli sem er hærri en 15 vött, þ.m.t. upplýsingar um að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn styðji hleðslusamskiptaregluna fyrir USB-aflgjafa með því að birta textann „hraðhleðsla með USB-aflgjafa“ og upplýsingar um aðrar studdar hleðslusamskiptareglur með því að birta heiti þeirra á textasniði.

III. hluti


Skýringarmynd sem segir til um hvort hleðslubúnaður fylgi eða fylgi ekki með þráðlausa fjarskiptabúnaðinum

1. Skýringarmyndin skal vera á eftirfarandi sniði:

- 1.1. ef hleðslubúnaður fylgir með þráðlausa fjarskiptabúnaðinum:



1.2. ef hleðslubúnaður fylgir ekki með þráðlausa fjarskiptabúnaðinum:




2. Svo framarlega sem skýringarmyndin er sýnileg og læsileg má útfærsla hennar vera mismunandi (t.d. mismunandi litir, feitletur eða útlínuletur, mismunandi þykkt lína). Ef skýringarmyndin er minnkuð eða stækkuð skulu hlutföllin, sem sett eru fram í teikningunum í 1. lið þessa hluta, haldast óbreytt. Hlið „a“, sem um getur í 1. lið þessa hluta, skal mælast 7 mm eða lengri, óháð útfærslu.

IV. hluti

Innihald og snið merkimiðans

1. Merkimiðinn skal vera á eftirfarandi sniði:



2. Í stað bókstafanna „XX“ kemur talan sem samsvarar lágmarksaflinu sem krafist er til að hlaða þráðlausa fjarskiptabúnaðinn, sem ákvarðar lágmarksaflið sem hleðslubúnaðurinn þarf til að hlaða þráðlausa fjarskiptabúnaðinn. Í stað bókstafanna „YY“ kemur talan sem samsvarar hámarksaflinu sem krafist er til að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn nái hámarkshleðsluhraða, sem ákvarðar það afl sem hleðslubúnaðurinn þarf að lágmarki að veita til að ná þessum hámarkshleðsluhraða. Sýna skal skammstöfunina „USB PD“ (USB Power Delivery) ef þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn styður þá hleðslusamskiptareglu. „USB PD“ er samskiptaregla þar sem séð er til þess að straumur berist sem hraðast frá hleðslutækinu til þráðlausa fjarskiptabúnaðarins án þess að stytta endingartíma rafhlöðunnar.
3. Svo framarlega sem merkimiðinn er sýnilegur og læsilegur má útfærsla hans vera mismunandi (t.d. mismunandi litir, feitletur eða útlínuletur, mismunandi þykkt lína). Ef merkimiðinn er minnkaður eða stækkaður skulu hlutföllin, sem sett eru fram í teikningunni í 1. lið þessa hluta, haldast óbreytt. Hlið „a“, sem um getur í 1. lið þessa hluta, skal mælast 7 mm eða lengri, óháð útfærslunni.“
